

Fyrsti fundur Skólaráðs Stóru-Vogaskóla 2013-2014

Mættir: Hanna Lóa og Ingbór fulltrúar foreldra, Elsa fulltrúi nemenda, Anna Hlökkvers fulltrúi starfsmanna, Hannes Birgir Hjalmarsson fulltrúi kennara (sem ritaði fundargerð) og Svava Bogadóttir skólastjóri. Aron Freyr, Jens G. Einarsson og Gísli voru fjarverandi.

1. Svava kynnti Starfs- og sjálfsmatsáætlun 2013-2014 og Skólapúlsinn 2013 sem er í gangi þessa dagana þar sem nemendur, foreldrar og starfsmenn eru spurðir spurninga varðandi starf skólans.

Rætt um styrkleika og veikleika í starfi skólans sem komu fram í Starfs- og sjálfsmatsáætluninni hjá foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans.

Kynnt verkáætlun fyrir skólann sem er lifandi plagg sem sífellt er unnið í.

Kynnt að eineltisáætlun skólans er orðin vel greinileg á heimasíðu skólans.

2. Skólanámsskrá 2013-2014.

Skiptist í tvennt, almenn námskrá og bekkjarnámsskrár. Verður aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Talsverð vinna hefur verið undanfarin tvö ár og verður í ár vegna nýrrar aðalnámsskrár sem á að taka gildi að hausti 2014. Rætt lítillega um breytingar og einnig nýja einkunnargjöf.

3. Umhverfisstefna Stóru-Vogaskóla

Skólinn fékk Grænfánann fyrir umhverfisstefnu sem er byggð á hugmyndum nemenda. Umhverfisnefnd er í skólanum sem hefur verið að taka út umhverfismálin í skólanum. Umræður um gerði utan um gáminn við skólann. Aðstaða hjá unglingastigi mætti vera betri, aðeins einn vaskur til að þrifa fernur og ekki nógu vel upplýst um hvar setja má flokkað rusl. Þurfa að vera með amk þrjár ruslafötur fyrir flokkað rusl í matsalnum í stað einnar ruslafötu eins og er í dag.

4. Heimanámsstefna Stóru-Vogaskóla

Svava kynnti Heimanámsstefnuna sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Nauðsynlegt að foreldrar tilkynni ef nemendur eru 2-3 tíma á dag að læra heima, það er allt of mikið álag á nemendur. Athuga að ekki er ætlast til að nemendur læri heima í vetrar-, páska- og jólafríum.

5. Breytingar á matartíma hjá 6.-10. bekk Breytingar hafa verið gerðar á matartímanum sem virðist gefast vel, nemendur virðast vel sáttir fara nú í mat kl. 11.10. Umræður um ágæti þessara breytinga, sjálfsagt að taka með sér auka nesti til að borða eftir hádegið. Jafnvel spurning um að senda orðsendingu frá Skólaráði varðandi hollt nesti og almennt mikilvægi þess að borða morgunmat áður en haldið er af stað í skólann.

6. Sagt frá nýkjörinni stjórn Nemendafélags Stóru-Vogaskóla Stjórnina skipa Edda og Aron Freyr úr 10. bekk, Héðinn Máni og Linda úr 9. bekk, Tanja og Margrét úr 8. bekk og Jón Gestur og Daníel úr 7. bekk. Auk þess er fulltrúi úr 6. bekk, Haraldur Hjalti aðalmaður og Rut varamaður.

7. Sagt frá Aðalfundi Foreldrarfélagsins Geir Gunnar Markusson hélt fyrirlestur um heilbriggt mataræði, sem þótti mjög áhugaverður.

Rætt um samstarf skólans og foreldrafélagsins sem virðist fara minnkandi á unglingastigi, vert að skoða hverju sætir. Rætt um vetrarfrí og hvernig þau passa við vetrarfrí annarra skóla. Einnig rætt um tímasetningu funda fyrir foreldra sem eiga misauðvelt að mæta á fundi á vinnutíma.

8. Önnur mál

Athuga þarf tímaskort hjá 10. bekk á miðvikudögum eftir 2. tíma (sund) m.t.t. útigæslu og nestistíma.

Elsa nefndi að nemendur sem fá sérstaka aðstoð í Námsveri fá umbun sem aðrir nemendur bekkja fá ekki, þykir ekki sanngjarnt gagnvart hinum. Má skoða betur hvort ekki sé hægt að taka upp umbun fyrir hina líka.

Muna að hrósa meira, ekki bara að finna að. Jákvæðni er hugsanlega vannýtt í Mentor? Athuga tímasetningar á innsetningu á Mentor.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 14.28.

Hannes Birgir Hjálmarsson